

Föstudaginn 5. mars 1982.

Nr. 112/1981. **Guðmundur Tómasson**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Ara Arasyni

(sjálfur).

Nauðungaruppboð. Gjaldfelling veðskuldabréfs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1981. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang uppboðs á húseigninni Aðalgötu 7 á Sauðárkróki og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir uppboðsrétti Sauðárkróks og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 21. ágúst 1978 var beiðð um uppboð á Aðalgötu 7 á Sauðárkróki með heimild í veðskuldabréfi, sem dagsett er 19. janúar 1973, en það hafði verið gjaldfellt 31. júlí 1978 vegna vanskila. Um þessa beiðni gekk úrskurður í uppboðsrétti 12. júní 1979. Sagði þar m. a., að uppboðið skyldi ná fram að ganga. Uppboðspoli, Alþýðuhúsið h/f, áfrýjaði úrskurðinum, og með dómi Hæstaréttar 20. nóvember 1980 í máli Alþýðuhússins h/f gegn Þorvaldi Ara Arasyni var úrskurðurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar að nýju. Hinn 24. nóvember 1980 ritaði stefndi uppboðsrétti Sauðárkróks bréf, sendi hæstaréttardóminn, óskaði endurupptöku uppboðsmálsins og ítrekaði, að veðið yrði þegar selt á nauðungaruppboði. Því var mótmælt af hálfu áfrýjanda. Málið var tekið fyrir í uppboðsrétti 10., 12. og 14. mars 1981 og þá flutt munnlega. Veðbókarvottorð var lagt fram. Í réttinum var málið auðkennt nr. 1/1981 og nefnt Þorvaldur Ari Arason

vegna handhafa veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali gegn Guðmundi Tómassyni.

Fram er komið, að stefndi er ekki eigandi veðskuldabréfsins, sem er uppboðsheimild í málinu, en hefur fengið það framselt til innheimtu. Stefndi gaf hér fyrir dómi yfirlýsingu um, hver væri eigandi bréfsins. Er stefnda heimilt að reka málið í eigin nafni.

Í máli þessu byggir áfrýjandi ekki vörn sína fyrir Hæstarétti á því, að Landsbanki Íslands hafi látið hjá líða að krefja hann um greiðslu á gjalddaga, en bréfið var til innheimtu í bankanum 15. júní 1978. Þegar þess er gætt, að afborgun og vextir féllu í gjalddaga þann dag, ósannað er, að samið hafi verið um greiðslufrest og að ekki hafði verið greitt 31. júlí 1978, verður að telja, að heimilt hafi verið að krefjast þess, að eftirstöðvar væru þegar greiddar ásamt vöxtum. Verður því að fallast á uppboðskröfu stefnda.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að aðiljar deila um fjárhæð þeirrar kröfu, sem stefndi á að fá greidda. Eigi kemur til álita að leggja nú dóm á, hvaða fjárhæð uppboðsbeiðandi eigi að fá af uppboðsandvirðinu að lokum, enda uppboðsmálið skammt á veg komið.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 4.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Guðmundur Tómasson, greiði stefnda, Þorvaldi Ara Arasyni, 4.500.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar P. Torfasonar
og Sigurgeirs Jónssonar.**

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, krefst Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður í máli þessu nauð-

ungaruppbóðs á fasteigninni Aðalgötu 7 á Sauðárkróki „vegna handhafa veðskuldabréfs“ þess, sem skírskotað er til sem uppbóðsheimildar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lýsti hæstaréttarlögmaðurinn því skorinort yfir, að hann flytti málið sem málflutningsmaður vegna eiganda skuldabréfsins. Samkvæmt því er uppbóðsbeiðandi og aðili máls þessa fyrir Hæstarétti ónafngreindur handhafi veðskuldabréfs, en ekki hæstaréttarlögmaður sá, sem málið flytur.

Samkvæmt 6. gr. laga um nauðungaruppbóð nr. 57/1949 skal í uppbóðsbeiðni greina nafn uppbóðsbeiðanda, heimili hans og stöðu svo skýrt, að ekki verði um villst. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, fengust eigi svör við því í uppbóðsréttinum, hver væri eigandi veðskuldabréfs þess, sem hér er um fjallað. Nafngreining uppbóðsbeiðanda, og þá eigi síst eiganda veðskuldabréfs, sem skírskotað er til sem uppbóðsheimildar, getur skipt uppbóðspola máli að lögum með ýmsum hætti. Samkvæmt þessu og þar sem ekki verður litið svo á, að nægilegt hafi verið, að nafns eiganda veðskuldabréfsins var látið getið í varnarræðu við málflutning fyrir Hæstarétti, teljum við, að fella beri hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna nauðungaruppbóðs.

Eftir atvikum teljum við rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður uppbóðsréttar Sauðárkróks 9. apríl 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 9. apríl, var á uppbóðsþingi Sauðárkróks, sem háð var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í uppbóðsþingsmálinu nr. 1/1981: Þorvaldur Ari Arason vegna handhafa veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali gegn Guðmundi Tómassyni.

Uppbóðsmál þetta hefur áður verið hér fyrir dómi og úrskurður uppkveðinn í því 12. júní 1979. Málið hét þá nr. 4/1979: Þorvaldur Ari Arason gegn Alþýðuhúsinu h/f. Úrskurðinum var áfrýjað til Hæstaréttar, og féll dómur réttarins í því máli 20. nóvember sl. Þar er því lýst, að þinglýstur eigandi fasteignar-

innar nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki sé Guðmundur Tómasson, hótelhaldari á Sauðárkróki, en ekki Alþýðuhúsið h/f. Vegna þessa aðildarskorts og galla á málsmeðferð er áfrýjaður úrskurður ómerktur og málinu vísað ex officio heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málið var tekið fyrir á uppboðsþingi að nýju þann 10. f. m. með þeirri auðkenningu, sem að framan greinir. Síðan var þingað í málinu 12. og 14. s. m. Endurrit af dómi Hæstaréttar hefur verið lagt fram og dómsgerðir í heimvísuðu máli svo og önnur gögn. Málið var flutt munnlega 14. f. m. og tekið til úrskurðar sama dag.

Af hálfu uppboðsbeiðanda, Þorvalds Ara Arasonar hæstaréttarlögmanns, til heimilis að Sólvallagötu 63, Reykjavík, vegna handhafa veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali eru gerðar sömu kröfur sem áður, að úrskurðað verði, að nauðungaruppboð megi fara fram á fasteigninni nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki til greiðslu eftirstöðva skuldar að fjárhæð gamlar kr. 880.000 þann 15. júní 1978 ásamt vöxtum og kostnaði. Er krafan með áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum talin nema þann 1. apríl 1981 gömlum kr. 1.631.988. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi uppboðspóla skv. lágmarkstaxta LMFÍ. Loks er þess krafist af uppboðsbeiðanda, að lögmaður uppboðspóla, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, verði víttur harðlega „fyrir ódrengilega og ólögmannlega framkomu og óþarfa málsýfingar“ í máli þessu. Í málflutningi hefur uppboðsbeiðandi fallið frá kröfu sinni um vítur, en vísað því atriði til dómara, ef honum sýnist rétt að víta lögmanninn ex officio.

Af hálfu uppboðspóla er þess krafist, að synjað verði um framgang nauðungaruppboðs á húseigninni nr. 7 við Aðalgötu á Sauðárkróki og uppboðsbeiðanda gert að greiða málskostnað að mati uppboðsdóms.

Uppboðspóli hefur vefengt rétt uppboðsbeiðanda til að gera kröfur skv. skuldabréfi því, sem um ræðir í máli þessu, og skorað á hann að upplýsa, „hver hinn raunverulegi eigandi skuldabréfs þess, sem mál þetta fjallar um, og uppboðsbeiðandi í máli þessu er“. Telur uppboðspóli það stríða gegn gildandi lögum að greina eigi raunverulegan eiganda téðs skuldabréfs.

Lögmaður uppboðsbeiðanda hefur í málflutningi haldið því fram, að honum sé eigi skylt að greina frá eiganda skuldabréfsins, starfsumboð lögmanns sé nægilegt ásamt handhöfn skuldabréfsins, til þess að hann sé löglegur aðili að kröfum út af skulda-

bréfinu í máli þessu og gildi hér almennar reglur um viðskipta-
bréf. Hins vegar bauðst lögmaðurinn til þess að greina dómaran-
um frá eiganda bréfsins.

Eigi hafa verið bornar brigður á, að uppboðsbeiðandi sé lög-
lega að handhöfn skulabréfsins kominn, né heldur út af fyrir
sig vefengt framsal honum til handa til innheimtu þess. Sam-
kvæmt almennum reglum um viðskiptabréf er lögleg handhöfn
uppboðsbeiðanda á téðu veðskuldabréfi, sem gefið er út til hand-
hafa, fullnægjandi heimild handa honum til þess að innheimta
kröfuna. Aðild uppboðsbeiðanda að máli þessu telst því vera
lögleg og honum því heimilt að krefjast þeirra aðgerða til inn-
heimtu, sem um ræðir í málinu. Samkvæmt þessu getur upp-
boðspoli leyst sig frá veðskuldinni með því að greiða uppboðs-
beiðanda kröfuna, þar sem hann er löglegur handhafi veðskulda-
bréfsins.

Lögmaður uppboðspola gerði uppboðsbeiðanda það sáttaboð,
að fyrri deponeringargreiðslur frá uppboðspola yrðu metnar
gildar sem greiðslur, en eftirstöðvarnar yrðu greiddar innan
hálfis mánaðar frá samþykki boðsins með vöxtum í samræmi við
ákvæði skuldabréfsins, en hvorugur aðili skyldi greiða hinum
kostnað vegna málsins. Þessu tilboði hafnaði uppboðsbeiðandi
og taldi deponeringar sér óviðkomandi og gerðar á ábyrgð upp-
boðspola algerlega. Dómari reyndi sættir með aðiljum án árang-
urs.

Hvað varðar vítur þær á lögmann uppboðspola, sem uppboðs-
beiðandi krafðist og féll síðan frá og vísaði til ákvörðunar dóm-
ara, er það að segja, eins og á stendur, að eigi þykir rétt að víta
lögmann uppboðspola ex officio út af þeim ávirðingum, sem
uppboðsbeiðandi ber á hann.

Uppboðsbeiðandi hefur vísað til frumgagna málsins, sem vís-
að var heim í hérað og nú er endurupptekið, svo og annarra fram-
lagðra skjala, og er nauðungaruppboðs því krafist á grundvelli
veðskuldabréfs, sem út gefið er af Alþýðuhúsinu h/f til hand-
hafa 19. janúar 1973, upphaflega að fjárhæð kr. 1.600.000, og er
skuldabréfið tryggt með veði í fasteigninni nr. 7 við Aðalgötu
á Sauðárkróki. Sú fasteign er nú þinglýst eign uppboðspola, Guð-
mundar Tómassonar hótelhaldara, Aðalgötu 7, Sauðárkróki, og
er kröfum málsins því beint að honum. Skuldina ber að greiða
á næstu 10 árum með gjalddögum 15. júní og 15. nóvember ár
hvert, kr. 80.000 hvert sinn, og var fyrsti gjalddagi 15. nóvem-
ber 1973. Skuldabréfið hefur uppboðsbeiðandi gjaldfellt skv.

ákvæðum bréfsins sjálfs vegna vanskila á greiðslu afborgunar og vaxta, sem ljúka skyldi 15. júní 1978, og krafist nauðungar-uppboðs á veðinu til lúkningar höfuðstóls skuldarinnar með vöxtum og kostnaði, eins og að framan greinir. Skuldabréfið var til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Er greiðsla hafði eigi borist bankanum 26. júlí 1978, var skuldabréfið sótt og tekið úr bankanum. Uppboðsbeiðandi tilkynnti uppboðspola með bréfi, sem var dagsett 31. júlí 1978 og póstlagt að morgni sama dags, að skuldabréfið væri gjaldfellt skv. heimild í því sjálfu og að skuldara væri gefinn kostur á að greiða eftirstöðv-arnar með vöxtum og áföllnum kostnaði fyrir 15. ágúst 1978. Þann 14. s. m. fékk uppboðsbeiðandi skeyti frá uppboðspola, þar sem gjaldfellingu skuldabréfsins er mótmælt og jafnframt tek-ið fram, að fyrir milligöngu Búnaðarbanka Íslands hefðu kr. 128.330 verið greiddar þann 25. júlí. Þann 2. ágúst 1978 tilkynnti Landsbankinn uppboðsbeiðanda, að greiðsla þessi hefði borist bankanum. Af hálfu uppboðsbeiðanda fékk Landsbankinn fyrir-mæli um að endurgreiða þessa peninga, svo sem hann og mun hafa gert sama dag. Ástæðu til gjaldfellingar skuldabréfsins kveður uppboðsbeiðandi vera þá, að hann hafi verið orðinn þreyttur á því, að skuldari hafi eigi staðið við skýra skuldbind-ingu í skuldabréfinu um að greiða afborganir og vexti á réttum gjalddögum. Áritanir á skuldabréfið bera með sér of seinar greiðslur sem hér segir:

Greiðsla pr. 15. nóvember 1977 innt af hendi 6. desember 1977 eða 20 dögum síðar.

Greiðsla pr. 15. júní 1977 innt af hendi 1. júlí 1977 eða 15 dög-um síðar.

Greiðsla pr. 15. nóvember 1976 innt af hendi 15. desember 1976 eða 30 dögum síðar.

Greiðsla pr. 15. júní 1976 innt af hendi 29. júlí 1976 eða 44 dögum síðar.

Greiðsla pr. 15. nóvember 1975 innt af hendi 14. janúar 1976 eða 59 dögum síðar.

Þá tekur uppboðsbeiðandi fram, að hann hafi áður orðið að leita sér aðstoðar lögmannna til þess að innheimta afborganir og vexti, svo sem áritanir á skuldabréfið bera með sér. Kveðst hann hvað eftir annað hafa gefið uppboðspola eftir gjaldfellingu, en nú kveður uppboðsbeiðandi nóg af slíku komið og því hafi hann ákveðið að binda enda á þessi viðskipti með því að innheimta skuld þessa að fullu.

Af hálfu uppboðspola er það tekið fram, að Guðmundur Tómasson hafi verið staddur á Sauðárkróki þann 25. júlí 1978 og þá viljað greiða afborgun og vexti, sem í vanskilum voru, af téðu skuldabréfi, sem hann vissi vera í innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Uppboðspoli fór þá í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki og óskaði aðstoðar bankastarfsmanns við greiðslu. Það kom í hlut Þormars Ingimarssonar, sem þá var starfsmaður útibúsins, að gera þetta. Hann átti símtal við starfsstúlku í verðbréfadeild Landsbankans í Reykjavík, og gaf hún upp fjárhæðina kr. 128.330 gjaldfallna afborgun 15. júní 1978 með vöxtum og dráttarvöxtum. Sú fjárhæð var út búin í gíróseðil og framsend frá útibúinu 25. júlí 1978, og var gíróseðillinn greiðslustimplaður sama dag í útibúinu. Þann 26. júlí 1978 tók eigandi eða umráðamaður skuldabréfsins það úr innheimtu í Landsbankanum. Þegar áðurgreindur gíróseðill hafði borist bankanum eigi síðar en 2. ágúst 1978, var af hálfu verðbréfadeildar bankans vegna uppboðspola haft tal af uppboðsbeiðanda, en hann neitaði að taka við greiðslunni. Þann 4. ágúst 1978 barst uppboðspola bréf uppboðsbeiðanda, dags. 31. júlí s. á., þar sem skuldinni var sagt upp og greiðslu allrar skuldarinnar með vöxtum og kostnaði krafist. Uppboðspoli mótmælti gjaldfellingu skuldabréfsins í símskeyti til uppboðsbeiðanda, dags. 4. ágúst s. á. Verðbréfadeild Landsbankans endursendi uppboðspola innborgaðar kr. 128.330 í gíróseðli 2. ágúst s. á. Síðan var þessi fjárhæð greidd af hálfu uppboðspola til geymslu (depositum) í Landsbanka Íslands. Síðan greiddi uppboðspoli til geymslu í sama banka kr. 106.667 þann 2. nóv. 1978. Samsvarandi greiðslum vegna téðs skuldabréfs hefur uppboðspoli ráðstafað til geymslu í banka á gjalddögum 15. júní 1979, 15. nóvember 1979, 15. júní 1980 og 15. nóvember 1980. Tvær fyrstu geymslufjárgreiðslur, samtals kr. 234.997, hafa verið látnar ganga til uppboðsbeiðanda skv. sérstöku samkomulagi lögmanna málsaðilja, og er þar tekið fram, að þær greiðslur skuli eigi hafa áhrif á spurninguna um heimild til gjaldfellingar skuldabréfsins.

Uppboðspoli reisir mótmæli sín gegn framgangi uppboðs á því, að uppsögn í bréfi uppboðsbeiðanda, dags. 31. júlí 1978, hafi eigi verið send og eigi borist uppboðspola, fyrr en eftir að hann hafði greitt af skuldabréfinu til vörslumanns þess, verðbréfadeildar Landsbankans, og óheimilt sé að beita uppsagnarákvæðum skuldabréfs sem þessa, þegar greitt hafi verið til réttis vörslumanns skv. upplýsingum um vanskil. Uppboðspoli bendir á, að

greiðsla hafi borist vörslumanni bréfsins 2. ágúst 1978, en uppsögn skuldarinnar hafi borist uppboðspola 4. ágúst s. á. Þá mót-mælir uppboðspoli framgangi uppboðs á grundvelli þeirrar stað-hæfingar, að uppsögn skuldabréfsins sé gölluð. Telur hann þar fyrst koma til, að vextir af skuldabréfinu miðaðir við 15. júní 1978 séu ranglega reiknaðir, og enn fremur sé bersýnilega óheim-ilt og óréttmætt að láta uppsögn gilda frá 15. júní 1978, eins og útreikningur dráttarvaxta frá uppboðsbeiðanda gefi til kynna. Telur uppboðspoli fyrsta mögulegan uppsagnardag vera 30. júní 1978.

Í framangreindu veðskuldabréfi, sem lagt er til grundvallar dómkröfum í þessu máli, eru venjuleg og hefðbundin ákvæði um gjaldfellingu. M. a. eru þar ákvæði, sem segja, að ef vextir og afborganir eru eigi greiddar innan 14 daga frá gjalddaga, sé skuldin öll fallin í gjalddaga án nokkurs fyrirvara. Samkvæmt þessu átti að greiða áfallna afborgun og vexti af téðu skulda-bréfi fyrir 30. júní 1978. Þetta ákvæði ber að skýra þannig, að skuldareigandi þurfi eigi að þola greiðsludrátt af hálfu skuldara umfram það, sem í skuldabréfinu greinir. Í samræmi við þetta og þar sem það enn fremur er komið fram, að uppboðspola var kunnugt um greiðslustað, var uppboðsbeiðanda heimilt að gera höfuðstól skuldabréfsins gjaldfallinn með vöxtum og innheimtu-kostnaði skv. ákvæðum bréfsins, eins og á stóð, er hann tók bréfið úr innheimtu Landsbanka Íslands 26. júlí 1978, enda sendi hann uppboðspola bréflaga tilkynningu um þetta 31. s. m. Þótt uppboðspoli hafi komið greiðslu áfallinna vaxta og afborgunar í útibú Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki til flutnings 25. júlí 1978, þá barst sú greiðsla eigi til Landsbanka Íslands í Reykjavík, sem var réttur greiðslustaður, fyrr en 2. ágúst s. á., og hafði uppboðsbeiðandi þá tekið skuldabréfið úr bankanum og einnig sent frá sér tilkynningu til uppboðspola um gjald-fellingu skuldabréfsins, svo sem frá er greint hér að framan. Það verður eigi talið, að téð greiðsla uppboðspola geti, eins og atvikum var háttað, bundið hendur uppboðsbeiðanda til þess að fella skuldabréfið allt í gjalddaga samkvæmt ákvæðum þess, eftir að verulegur greiðsludráttur hafði orðið af hálfu uppboðs-pola að þessu sinni, auk þess sem verulegur dráttur hafði átt sér stað af hans hálfu nokkuð oft undanfarin ár á greiðslum skv. skuldabréfinu. Þótt uppboðspoli sætti sig eigi við útreikn-ing uppboðsbeiðanda á vanskilavöxtum út af greiðslu, sem átti að fara fram skv. téðu skuldabréfi 15. júní 1978 og reyndar eft-

ir það, breytir það eigi niðurstöðu málsins, þar eð síðar á að vera unnt að koma að leiðréttingu á slíku eftir því sem efni kann til að standa.

Með vísun til framanritaðs verður niðurstaðan sú, að fallist er á, að umbeðið nauðungaruppboð skuli ná fram að ganga.

Allar fjárhæðir í máli þessu eru greindar í gömlum krónum eins og í fyrra málinu, og ber að taka tillit til þess.

Uppboðsbeiðandi hefur krafist málskostnaðar, sem nemur gömlum krónum 99.487 + 816.098, samtals kr. 915.585. Á uppboðsþingi 10. f. m. og í málflutningi hefur hann lýst því, að hann lækki málskostnaðarkröfu sína í gamlar kr. 666.798. Þykir rétt að taka þá fjárhæð til greina og gera uppboðspola að greiða uppboðsbeiðanda nýjar krónur 6.668.00 í málskostnað.

Ályktarorð:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Uppboðspoli, Guðmundur Tómasson, skal greiða uppboðsbeiðanda, Þorvaldi Ara Arasyni hæstaréttarlögmanni, vegna handhafa téðs veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali, nýjar krónur 6.668.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 54/1982. **Ákærvaldið**
 gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. mars 1982, sem barst Hæstarétti 3. s. m. Krefst hann þess,